



## Kæra samstarfsfólk

Fjallabyggð hefur síðan 2020 starfað eftir vottuðu jafnlaunakerfi í samræmi við kröfur jafnlaunastaðals ÍST 85. Þetta felur í sér að öll laun eru ákvörðuð á sömu forsendum og launaákvörðanir teknar í samræmi við [jafnlaunastefnu sveitarfélagsins](#), sem kveður á um að greiða skuli jöfn laun fyrir sömu eða jafn verðmæt störf óháð kyni, uppruna eða öðrum forsendum sem teljast ómálefnalegar.

Árlegur liður í starfrækslu kerfisins er að framkvæma launagreiningu, til að vakta og mæla þá þætti sem hafa áhrif á launamyndum. Rýnt var sérstaklega í kynbundinn launamun sem grunn að markmiðasetningu í launamálum. Launagreining byggir á mati á störfum út frá hlutlægum viðmiðum sem skilgreind eru í [starfsmati sveitarfélaganna](#) og notuð eru til að bera saman störf í samræmi við þær kröfur sem í þeim felast. Niðurstöður launagreiningar sem unnin var á mars launum 2023 sýndi að launamunur kynjanna út frá starfsmatsstigum mældist 2,4% fyrir grunnlaun og 1,0% fyrir heildarlaun\*.

Niðurstöðurnar eru innan við þau 2,5% frávikamörk sem sveitarfélagið hefur sett sér í tengslum við kynbundinn launamun. Þessar mælingar munu nýtast til að vinna að því markmiði lágmarka mælanlegan launamun milli kynja fyrir sömu eða jafn verðmæt störf. Verkefnið felur í sér að endurskoða eftir tilvikum störf einstakra starfsmanna og rýna í samband launa og starfsmats og tryggja að það leynist engin skekkja í kerfinu.

Launaúttektir, sem og úttektir vottunaraðila, eru liður í áframhaldandi umbótavinnu við starfrækslu jafnlaunakerfis. Jafnlaunakerfið leggur mikla áherslu á að tryggi gegnsæi í launaákvörðunum og að þar á baki liggi málefnalegar forsendur í hverju tilfalli. Við hvetjum starfsmenn til að hafa samband við deildarstjóra stjórnsýslu og fjármála, sem er ábyrgðaraðila jafnlaunakerfisins, ef einhverjar spurningar vakna í tengslum við jafnlaunakerfið.

Með kveðju  
Bragi Freyr Kristbjörnsson  
Deildarstjóri stjórnsýslu og fjármála

\*Grunnlaun eru uppreiknuð mánaðarlaun fyrir 100% starf. (án persónuálags). Heildarlaun eru grunnlaun auk fastra launaliða. Athuga ber að neikvætt formerki tákna að það halli á konur og að jákvætt formerki tákna að það halli á karla.